

Hús og skipulag ehf
Hildigunnur Haraldsdóttir
Bolholti 8
105



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2008
Tilvísun: UST20080400010/ksj

Frumdrög að deiliskipulagi átta frístundahúsa sunnan Hellisands og vestan fyrirhugaðrar þjóðgarðsmiðstöðvar og tjaldstæða við Hellissand.

Vísað er til erindis er barst frá Húsi og skipulagi ehf þann 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um drög að deiliskipulagstillögu að frístundabyggð vestan við lóð fyrirhugaðrar þjóðgarðsmiðstöðvar og vestan nýs tjaldstæðis við Hellissand.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir átta frístundahúsalóðum í óröskuðu hrauni. Lóðirnar eru milli 2200 m² og 2400 m² að stærð. Í greinargerð er fylgir drögunum kemur fram að aðkoma frá þjóðvegi verði um fyrirliggjandi slóða.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Náttúruminjar

Ofangreind drög að deiliskipulagi gera ráð fyrir 8 frístundalóðum í óröskuðu hrauni. Í 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd nr. kemur fram að: „Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. Eldvörp, gervíggar og eldhraun,.....“. Svæðið sem drög að deiliskipulagi gera ráð fyrir frístundabyggð á er á náttúruminjakrá (223) en um það segir í skránni: „**Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ (áður Breiðavíkurhr.), Snæfellsnessýslu. (1) Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af Búðaósi, vegi nr. 54 frá Búðum upp á Fróðárheiði. Á norðanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.**“

Umhverfisstofnun bendir á að í „Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar til friðlýsingar“ er tillaga um að svæðið Fróðárheiði og utanvert Snæfellsnes verði verndað sem þjóðgarður. Mörk svæðisins sem tillagan nær yfir eru þau, að mörkum þjóðgarðsins Snæfellsjökull er fylgt í vestri og austurmörk fylgja þjóðvegi yfir Fróðárheiði. Að norðan og sunnanverðu nær svæðið í sjó fram. Í náttúruverndaráætluninni segir svo um svæðið „Landslagsheild sem nær að mestu yfir eldstöðvakerfi sem kennt er við

Snæfellsjökul og nær frá Mælifelli út á Öndverðarnes. Talið er að rekja meggi eldvirkni á svæðinu um 700 þúsund ár aftur í tímann. Fjölbreytilegt landslag frá sjó og upp á fjallstoppa. Fjölbreytt gróðurfar, m. a. burknategundir. Mikið kríuvarp með þúsundum varppara er við Rif. Hundruðir óðinshana eru á svæðinu síðsumars“. Einnig vill Umhverfisstofnun leggja áherslu á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda „**Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Áherslur 2006 – 2009**“ er undirstrikuð sú stefna að varðveita beri sérstæðar jarðmyndanir eða eins og segir í ritinu: „*Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis, lands- eða heimsvísu.*“ Þar sem skipulagssvæðið er á svæði sem er á náttúruminjaskrá og í jaðri við þjóðgarðinn Snæfellsjökul, og þar eru jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 37. grein laga um náttúruvernd, telur Umhverfisstofnun að sérstakrar varúðar þurfi að gæta við ákvörðun um landnotkun.

Aðkoma

Í greinargerð er fylgir ofangreindum drögum kemur fram að aðkoma frá þjóðvegi verði um slóða og þar af leiðandi kalli tillagan ekki á vegagerð með tilheyrandi raski. Umhverfisstofnun vekur athygli á að umræddur slóði er að miklu leyti gróinn upp enda virðist sem að ekki hafi verið um eiginlega slóðagerð á staðnum að ræða, heldur hafi slóðinn myndast við akstur utan vega. Í dag er slóðinn notaður sem göngustígur og sem reiðstígur, og er um mjóan slóða að ræða, þannig að ef gera ætti slóðann ökufæran þyrfti undirbyggingu og töluvert meira rými. Því telur Umhverfisstofnun að ekki verði komist hjá hefðbundnu raski sem verður við vegagerð. Einnig munu reiðleið og göngustígur falla út ef fyrirhuguð frístundabyggð verður að veruleika, og þá þyrfti að finna hvoru tveggja annan stað.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur að áhrif á ásýnd svæðisins yrðu verulega neikvæð ef byggð yrðu 8 frístundahús svo vestarlega í óröskuðu hrauni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda hrauni óröskuðu vestan væntanlegrar þjóðgarðsmiðstöðvar vegna verndargildis þess.

Stefna aðalskipulags Snæfellsbæjar

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar eru sett fram markmið vegna uppbyggingar sumarhúsa. Umhverfisstofnun styður þau markmið og telur að fyrirhuguð frístundabyggð samræmist þeim ekki. Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar greinargerð dagsett 27. 03. 1997 segir meðal annars „*Stefnt er að því að aðeins verði ráðist í skipulag sumarhúsa innan Snæfellsbæjar þar sem slík byggð veldur litlu sem engu raski. Hvergi er gert ráð sumarhúsum þar sem takmarkanir eru á viðkomandi svæði t.d. vegna friðlands, náttúruminja eða vatnsverndar.*“

Niðurstaða


Ljóst er að ofangreind drög að frístundabyggð gera ráð fyrir framkvæmdum í óröskuðu hrauni. Í dag er slóði á svæðinu sem notaður er sem göngu – og reiðleið, sem drög að deiliskipulagstillögu gera ráð fyrir að verði nýttur sem aðkoma fyrir áætlaða frístundabyggð.


Ef af framkvæmdum yrði þyrfti

að breyta slóðanum í akveg sem myndi valda töluverðri röskun. Einnig þyrfti að finna nýrri reið- og gönguleið stað. Umhverfisstofnun telur svæðið sem drög að deiliskipulagi ná yfir of mikilvægt vegna verndar – og útivistargildis og vegna náttúruminja og heildstæðs hraunsvæðis, til að ásættanlegt geti talist að það verði tekið undir frístundabyggð. Ásýnd viðkomandi hraunsvæðis myndi gjörbreytast. Því telur Umhverfisstofnun að ekki eigi að skipuleggja frístundabyggð á framangreindu svæði.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hversu langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri